

um mannúðlega meðferð á hrossum.

Flm.: Jónas Árnason.

Alþingi ályktar að skora á landbúnaðarráðherra að sjá til þess, að ákvæðum laga um hýsingu, fóðrun og aðra hirðingu sé framfylgt að því er varðar hross sem og annan búpening.

Greinargerð.

Í lögum um búfjárrækt frá 1965 er kveðið svo á, að skylt sé forðagæzlumönnum að tilkynna hreppsnefnd, ef þeir telji, að einhvern búfjäreiganda skorti fóðurbirgðir eða hús yfir búfénað sinn, vanfóðri hann eða vanhírði, og skal hreppsnefnd, ef út af þessu er brugðið, sjá til þess, að úr verði bætt.

Þess munu ekki mörg dæmi, að lög þessi séu brotin í meðferð á sauðfé eða nautgripum. Á hinn bóginn er svo að sjá sem Íslendingum hafi gleymzt, að lög þessi ná einnig til hrossa. Í vetrarhörkum eins og þeim, sem staðið hafa að undanfögnu, er meðferð á hrossum víða svo ómannúðleg, að varla mun of sterkt að orði kveðið, þó að talað sé um þjóðarsmán í þessu sambandi.

Ýmsir mætir menn hafa lagt sig fram um það, bæði í ræðu og riti, að leiða fólki fyrir sjónir hið ómurlega hlutskipti útigangshrossa hér í þessu margrómaða velferðarríki, Íslandi nútímans. Einn þeirra manna er Kristján bóndi Jónsson á Snorrastöðum í Kolbeinsstaðahreppi. Við undirbúning þessarar tillögu leitaði flutningsmaður liðsinnins hjá Kristjáni, og hann brást vel við og setti saman bréf, þar sem málið er reifað af svo mikilli reynslu og þekkingu, að flutningsmaður getur þar ekki við bætt og leyfir sér því að láta helzta kaflann í bréfinu nægja sem greinargerð. Kristjáni bónda farast m. a. orð á þessa leið:

„Hesturinn hefur erfiðasta aðstöðu allra þeirra gripa, sem maðurinn hefur undir höndum, til að tryggja sér góða meðferð, þó að honum sé sunginn mikill dýrðaróður sem þarfnasta þjóninum áður og yndislegasta gleðigjafanum þá og nú. Kýrin hegnir strax sama daginn fyrir vanfóðrun og vanhírðingu, með minni mjólk. Érin hegnir líka með rýrara lambi, þó að hún sé ekki eins dagglögg og kýrin. En hryssan getur átt ótrúlega vænt folald, þó að hún gangi fram skriðhoruð á vorin, og vel má ríða greitt á hesti, þegar hann hefur tekið vorbatanum, þótt ekki væri þykkt undir húðinni á krossmessu. Eins er hægt að kippa líklegum fola inn svo sem mánaðartíma á eldi og selja hann fyrir sæmilegt verð, þó að stundum hafi borið óþarflega mikið á hnútum og rifjum í uppvextinum.

Það er reginfirra að tala um hestinn sem eina búgreinina. Hann hefur aldrei verið eiginleg búgrein og á ekki að vera. Hann hefur verið tæki til að nýta aðrar búgreinar, eins og bílar og dráttarvélar eru nú. Þetta sést berlega á þeim fyrirmælum, þegar kristni var lögtekin, að banna hrossaketsát, og er það lagt til jafns við barnaútburð. Ég er nú ekki svo viðkvæmur, að ég telji mjög illa farið, að hér hefur breyting á orðið. En þetta ákvæði sýnir ljóslega, hvar hesturinn stóð í hugarheimi forfeðra vorra í hinni fyrstu kristni.

Sú hætta liggur alltaf við dyrnar í mannlífinu, að ef ósiðirnir hafa nógu sterkan bakhjall, þá dragi þeir á eftir sér kenninguna, og í sambandi við hrossin hefur hún komizt vel inn fyrir dyrastafinn.

Af því að of mörgum og of áhrifamiklum hrossaeigendum er hagkvæmara, að hrossin bjargi sér úti, eða a. m. k. að þurfa ekki að kosta til húsavistar og erfiða við mokstur og hirðingu, þó að þeim sé eitthvað gefið, þá gýs upp sú kenning, að hrossum sé miklu hollara og heilnæmara að koma lítið og helzt ekkert í hús.

Og þá er ég kominn að efninu, rökunum fyrir því, að ekki sé vanþörf að ræða þessi mál á Alþingi og gera um þau samþykktir, með þeirri áherzlu, að þeim sé hlýtt.

Ég er sem sé afar hræddur um, að ef áframhald verður á því, og máske aukning, að einstaklingar, bæði í sveit og þéttbýli, viði að sér eða ali upp fjölda hrossa, miklu meiri fjölda en svo, að þeim sé fært að hýsa og hirða, svo að skammlaust sé, þá verði útivistarkennningin allsráðandi. Að vísu tala þeir, sem þessa kenningu flytja, um að gefa hrossunum úti, og er það óneitanlega betra en ekkert. En verstu hríðar- og illviðrasólarhringana verða þau þó að þrauka gjafarlaus. Mér er rétt sem ég sjái menn kasta heyi fyrir hross úti í verstu vetrarhríðunum, þegar öllu er til skila haldið, að komizt verði til húsa.

Rétt mun það vera, að hægt sé að halda hrossum í góðum holdum í flestum vetrum með því að gefa þeim nóg, þegar fært er, en það er ekki hægt að tryggja þeim góða líðan með því. Sjómaður getur verið í góðum holdum, þó að hann lendi í hrakningum og vosbúð t. d. einu sinni í mánuði. En hver vill óska vini sínum þess hlutskiptis?

Það skal fúslega viðurkennt, að fjölmargir hugsa með afbrigðum vel um hesta sína og mega varla sjá hvítt korn detta úr lofti, svo að þeir fari ekki að hugsa til að bjarga þeim í hús, og vel sé þeim. Það skal líka viðurkennt, að hýsing ein er fjarri því að vera nóg, til að skepnunum líði vel. Góð húsavist, hirðing og gjöf verða auðvitað að fylgja. „Hann fór svona í hesthúsinu“, sagði bóndinn, sem reið horuðum hesti að vorlaginu, og var þetta að skopi haft. — Þegar ég var í bernsku, sögðu gamlir menn, að hestum, sem hætti til að fá holhnjúska (sem sumir kalla hreggmaðk) í hrakviðrum fyrri hluta vetrar, dygði húsið og hirðinginn til að losna við þá, þó að engin væri gjöfin. Þetta hef ég þrautreynt að er rétt, að vísu ekki án allrar gjafar, en með lítilli gjöf. Svona er nú húsavistin óholl, eða hitt þó heldur.

Ég hef nú haft hér um nokkrar málalengingar, en að vísu þurfti ekki nema fárra orða við. Ekkert er rétt í þessu máli annað en það, að enginn hafi fleiri hross á fóðrum en svo, að honum sé auðvelt að taka þau í hús, þegar harðnar á. Allar vangaveltur um aðrar aðferðir eru undanbrögð og ekkert annað. En hrossum er vorkunnarlaust að vera á haga 5—6 klst. á dag, ef jörð er góð, jafnvel þótt eitthvað sé að veðri, og það er beit til hálftrar gjafar, og jafnvel meira, ef hrossin eru tekin snemma vetrar. Hross halda sig miklu betur að jörð og þurfa minni daglega gjöf, ef þau eru tekin snemma vetrar, heldur en ef farið er að hýsa þau mjög seint, og þá e. t. v. mikið aflögð.

Ég býst nú við því, að sumum háttvirtum þingmönnum þyki Alþingi hafa innt af höndum torfalögin með því að semja forðagæzlulög og styrkja dýraverndunarfélag. Þessir aðilar ættu að geta bjargað málunum. En það hefur bara ekki dugað hrossunum, og raunar engum skepnum, svo að vel sé, og engar skepnur eru vitandi vits á gaddinn settar nema hrossin.“